

Umhverfisáhrif skólps frá litlum sveitarfélögum á síður viðkvæmum svæðum.

*Anton Helgason Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða Aðalstræti 21-23 –415 Bolungarvík
Sigurjón Þórðarson Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra Skagfirðingabraut 21-550
Sauðárkrókur
Þorleifur Eiríksson Náttúrustofu Vestfjarða Aðalstræti 21-23- 415 Bolungarvík.*

Veggsjald á Afmælisráðstefnu Líffræðifélagssins 1999.

Útdráttur

Sveitafélög á Íslandi og öðrum ríkjum evrópu standa nú frammi fyrir því að byggja fráveitumannvirki sem fullnægja kröfum EC um fyrsta stigs hreinsun fyrir árið 2006.

Bygging þessara mannvirkja er mjög kostnaðarsöm fyrir lítil sveitarfélög. Hinsvegar eru litlar athuganir til um áhrif skólpmengunar frá litlum byggðarlögum á lífríkið.

Markmið verkefnisins er að kanna dreifingu og áhrif skólpmengunar á botnlífverur og setja upp vöktunarkerfi til að fylgjast með þróun. Þeir þættir sem voru athugaðir: gerlamengun út frá megin útrásum skólps, næringarefnamengun frá útrásum og botndýralíf í næsta nágrenni við skópútrásir.

Tekin hafa verið sýni við útrásir á Tálknafirði, Ísafirði, Bolungarvík, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki og Siglufirði. Fyrstu niðurstöður benda til að almennt sé blöndun í nágrenni útrása á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra góð.

Gerlamengun varð einungis vart rétt við útrásir og þar sem útrásir eru staðsettar þannig að landfræðilegir þættir hindra blöndun. Mengun af völdum næringarefna varð ekki vart frá útrásunum. Áhrif á botndýralíf og uppsöfnun á lífrænu efni er til staðar en einungis á mjög takmörkuðum svæðum við útrásarenda þar er dýralíf á botni mjög fábreytt.